

Ed.

245. Tillaga

til þingsályktunar um skipun millipinganeftndar til að gera tillögur um kaup hins opinbera á jarðeignum þeim, sem nú eru einkaeign.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna millipinganeftnd til þess að gera tillögur um kaup hins opinbera á jarðeignum, sem nú eru einkaeign, fyrir hvaða verð þær skuli keyptar og hvernig andvirði jarðanna skuli innt af hendi.

Nefndarmenn skulu skipaðir þannig, að stjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefna sinn manninn hvor, en ríkisstjórnin hinn þriðja, og er sá formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Alþýðuflokkurinn hefir frá upphafi fylgt þeirri stefnu, að bæjarfélög eignist landið, er bæirnir standa á og umhverfis þá, og að landið sé síðan selt á leigu með hæfilegum kjörum og leiga eftir lóðir og lönd ákveðinn hundraðshluti af verði þeirra, en mat á þeim fari fram með nokkurra ára millibili.

Í samræmi við þetta hefir Alþýðuflokkurinn einnig ávallt haldið því fram, að hið opinbera skuli eiga allar jarðir á landinu, en bændum sé tryggður afnotaréttur jarðanna fyrir hæfilegt eftirgjald eða leigu.

Fyrir landskjörið 1930 rökræddu jafnaðarmenn þessa tillögu um opinbera eign á jörðunum á nokkrum þingmálafundum, og fékk hún mjög ómilda dóma í blöðum íhaldsfólksins, og var þá kölluð þar „jarðránskeningin“. En við umræður þær, er síðar hafa komið fram, hefir málinu stóraukizt fylgi, eins og jafnan verður um góð mál, að fylgi þeirra eykst við íhugun og umræður.

Nú í kreppunni hefir málinu stórlega aukizt fylgi meðal bænda, sem margir telja sér hagkvæmast, að ríkið eða hið opinbera eigi jarðirnar. Hefir mál þetta verið nú til umræðu á mörgum þingmálafundum í sveitum og víða átt fylgi að fagna. Og úr því þetta mál er komið á dagskrá hjá bændunum sjálfum og margir þeirra telja þetta hagkvæmt, þá liður naumast á löngu þangað til meiri hluti bænda hnígur að þessu ráði. Það, sem erfiðast er að ráða fram úr í sambandi við kaup hins opinbera á jörðunum er það, hvernig kaupverðið skuli innt af hendi. Í umræðum um þetta mál hafa að visu verið uppi tillögur í þessa átt, og eru sumar þeirra líklegar til úrlausnar. En af því að þetta er umsvifamikið og vandasamt, er stungið upp á því, að skipa millipinganeftnd til þess að gera tillögur um kaup hins opinbera á jarðeignum, sem nú eru einkaeign, fyrir hvaða verð þær skuli keyptar og hvernig andvirðið skuli innt af hendi.

Verður að þessu nánar vikið í framsögu málsins.